

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *32. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 7. febrúar 2008, kl. 13:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Stofnskjal v/Múlavegs 3.
3. Fundargerð Skólanefndar dags. 21. janúar.
4. Umsókn um Skútulán.
5. Bréf Landgræðslunnar v/Reykjahlíðargirðingar dags. 25. janúar.
6. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
7. Álagningareglur fasteigna- og þjónustugjalda 2008.
8. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2008.
9. Umsókn um styrk v/menningar- og matarhátíðar.
10. Greinargerð sveitarstjóra v/kæru Eldár ehf.
11. Erindi frá formanni Veiðifélags Mývatns.

Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 19. des.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 17. jan.

Bréf Kristjáns P. Halldórssonar v/fjarskiptapjónustu dags. 14. jan.

Bréf Yngva R. Kristjánssonar til samgönguráðherra dags. 11. jan.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 11 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Stofnskjal v/Múlavegar 3.

Borist hefur uppdráttur frá byggingarfulltrúa f.h. Landsvirkjunar, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir og umhverfis skemmu að Múlavegi 3. Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn.

3. Fundargerð Skólanefndar dags. 21. janúar.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri hafi greint frá niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Einkunnir nemenda Reykjahlíðarskóla voru vel yfir landsmeðaltali og landshlutameðaltali bæði í íslensku og stærðfræði. Í þriðja lið fundargerðarinnar segir að borist hafi bréf frá menntamálaráðherra um nýja menntastefnu og einnig kemur fram í bréfinu að fyrir Alþingi liggja fjögur ný frumvörp til laga um leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og um menntun og ráðningu kennara og skólastjórna. Undir liðnum önnur mál í fundargerðinni kemur fram að tónleikar sem Málmblasturskvintett Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands hélt í skólanum í byrjun janúar hafi verið afar líflegir og skemmtilegir. Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

4. Umsókn um Skútulán.

Borist hefur umsókn frá Raket Svövu Einarsdóttur og Sveini Björnssyni um lán úr Skútusjóði vegna kaupa á íbúð að Skútahrauni 2a. Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu.

5. Bréf Landgræðslunnar v/Reykjahlíðargirðingar dags. 25. janúar.

Meðfylgjandi bréfinu er kostnaðarútreikningur vegna viðhalds á Reykjahlíðargirðingunni árin 2006 og 2007. Einnig kemur fram að viðhaldskostnaðurinn sé mjög mismunandi frá ári til árs og ræðst mikið af veðri og snjóalögum. Samkvæmt yfirliti var kostnaður árið 2006 með vsk. kr, 523.825,- en kr. 370.702,- árið 2007. Girðingin var endurnýjuð á 200 m. kafla árið 2005 og var kostnaður það árið svipaður og árið 2006. Girðingin er 18.033 m. í heild og áætlaður kostnaður á km. við erfiðar aðstæður um kr. 19.000 til 20.000.

Sveitarstjórn samþykkir að greiða 25% af kostnaði við viðhald girðingarinnar til næstu 10. ára. Sveitarstjórn er hins vegar ekki tilbúin að greiða fyrir smölun innan hennar.

6. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.

Farið yfir fjárhags- og fjárfestingaáætlun næstu þriggja ára. Vísað til seinni umræðu.

7. Álagningareglur fasteigna- og þjónustugjalda 2008.

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2008. ásamt afsláttarreglum.

Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2008.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1955, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 7,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2008. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2008, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.080.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.920.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.080.000- til kr. 2.400.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 2.920.000- til kr. 3.260.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.400.000- til kr. 2.790.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.260.000- til kr. 3.890.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2008 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

- A.) Íbúðir
Sorphirðugjald kr. 17.600- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.
Flokkur a) kr. 17.600-
b) kr. 48.300-
c) kr. 88.000-
d) kr. 161.500-
e) kr. 315.000-
f) kr. 477.500-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2008, sem heimilt er samkv. lögum.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.

Samþykkt samhljóða.

8. Fyrirtækjalisti v/sorphirðu 2008.

Eftirfarandi innheimtulistu lagður fram. Ljóst er að þrátt fyrir að sveitarstjórn samþykki 20% hækkun sorpgjalda frá fyrra ári, heldur það ekki í við kostnaðinn sem hlýst af þeim málaflokki.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2008 fyrirtæki	flokkur	2008
Dekkjaverkstæðið Ytri-Neslöndum	a	17.600
Dyngjan	a	17.600
Haganes, veiðihús	a	17.600
Léttsteypan	a	17.600
Mývatnsmarkaður	a	17.600
Víkurnes, hópferðaþjónusta	a	17.600
		105.600
Mýflug	b	48.300
Geiteyjarströnd 1, reykhus, gisting.	b	48.300
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	48.300
Skútustaðir 2b, gisting-tjöldun, reykhus	b	48.300
Sparisjóður S-Þingeyinga	b	48.300
Landeigendur Reykahl. v/Gestastofu	b	48.300
		289.800
Ferðaþjónustan Bjargi	c	88.000
Vogafjós	c	88.000
Vogar, ferðaþjónusta	c	88.000
Eldá	c	88.000
Ferðaþjónustan Hlíð	c	88.000
Hótel Reykjahlíð	c	88.000
Náttúruböðin	c	88.000
Skútustaðahreppur, áhaldahús	c	88.000
Stöng, ferðaþjónusta	c	88.000
Veiðihús í landi Hofstaða	c	88.000
Landsvirkjun v/Grænna lausna	c	88.000
		968.000
Hótel Reynihlíð	d	161.500
Lykilhótel	d	161.500
Mývatn ehf	d	161.500
Skjálbrekka, félagsheimili	d	161.500
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	161.500
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	161.500
Malarvinnslan	d	161.500
		1.130.500
Sauðahellir ehf	f	477.500
Kröfluvirkjun	f	477.500
		955.000
amt. fyrirtæki		3.448.900
alm. gjald	152	17.600
		2.675.200

samtals alls

6.124.100

Samþykkt samhljóða.

9. Umsókn um styrk v/menningar- og matarhátíðar.

Lagt fram til kynningar.

10. Greinargerð sveitarstjóra v/kæru Eldár ehf.

Í samræmi við samþykkt síðasta fundar sveitarstjórnar frá 17. jan. er lögð fram greinargerð sveitarstjóra til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála vegna kæru Eldár ehf. á hendur sveitarstjórn.

Greinargerðin er dagsett 29. jan. og var send sveitarstjórnarmönnum í tölvupósti til kynningar.

11. Erindi frá formanni Veiðifélags Mývatns.

Frestað til næsta fundar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Böðvar Pétusson.